



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 5. október 2020  
Tilvísun í mál: ÞON20090030

Til innkaupa- og framkvæmdaráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn innkaupa- og framkvæmdaráðs vegna yfirlits yfir innkaup yfir 5 milljónir króna á tímabilinu 201207-202006.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 3. september 2020, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurn innkauparáðs er snýr að einstaka innkaupum, orðalagi og skýringum, tilvísun í mál R20010055.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 5. október 2020  
PON20090030  
ÓJS

## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Innkaupa- og framkvæmdaráð

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn innkaupa- og framkvæmdaráðs vegna yfirlits yfir innkaup yfir 5 milljónir króna á tímabilinu 201207-202006.*

Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs þann 3. september 2020 var lagt fram yfirlit þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 24. ágúst 2020, varðandi einstök innkaup yfir 5,0 m.kr. fyrir tímabilið 201907-202006, með vísan til 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Óskaði ráðið eftir svörum varðandi eftirfarandi:

- *1xInternet ehf - Nýr miðlægur vefur í Drupal - Skýringin "Traustur aðili valinn til samstarfs vegna sérþekkingar á Moodle rekstri" þarfnast frekari skýringar.*
- *Almennar skýringar hvað verðkönnun/verðfyrirspurn/markaðskönnun þýðir á yfirlitinu.*
- *Orðalagið "beint samband" þarfnast frekari skýringar.*
- *Facebook Ireland Limited - UTR Notendabjónusta - Workplace leyfasamningar - beinir samningar - þarfnast frekari skýringu.*

Fyrirspurninni var vísað til þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 3. september 2020.

**Svar:**

**1x internet ehf - Nýr miðlægur vefur í Drupal - Skýringin "Traustur aðili valinn til samstarfs vegna sérþekkingar á Moodle rekstri" þarfnast frekari skýringar.**

Hér var sett inn röng skýring (copy/paste villa) og hefur hún verið leiðrétt í uppfærðu skjali. Hér er ekki um að ræða nýjan vef og byggja kaupin á samningi við 1xInternet frá árinu 2017.

**Almennar skýringar hvað verðkönnun/verðfyrirspurn/markaðskönnun þýðir á yfirlitinu.**

Ákveðins misskilnings gætti við notkun hugtakanna og hafa skýringar verið lagfærðar í uppfærðu skjali, miðað við merkingu þeirra samkvæmt Innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

**Orðalagið "beint samband" þarfnast frekari skýringar.**

Hér var almennt átt við bein samningskaup. En einnig að haft hafi verið samband við aðila á grundvelli fyrirbyggjandi samnings. Þetta hefur verið lagfært og skýrt frekar í uppfærðu skjali.

**Facebook Ireland Limited - UTR Notendabjónusta - Workplace leyfasamningar - beinir samningar - þarfnast frekari skýringu.**

Ákvörðun um notkun á Workplace í starfsemi Reykjavíkurborgar var tekin í borgarráði, en tillaga þess efnis var samþykkt þann 26. september 2017, tilvísun í mál R17090237. Skrifstofa borgarstjóra sá um innkaupin á þeim tíma og sér skrifstofa upplýsingatækniþjónustu á þjónustu- og nýsköpunarsviði einungis um daglegan rekstur á kerfisins.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri